

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 107/2020

frá 14. júlí 2020

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2108 frá 15. nóvember 2017 um breytingu á tilskipun ráðsins 2009/45/EB um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2109 frá 15. nóvember 2017 um breytingu á tilskipun ráðsins 98/41/EB um skráningu einstaklinga sem eru um borð í farþegaskipum sem sigla til og frá höfnum aðildarríkja Bandalagsins og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/ESB um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2110 frá 15. nóvember 2017 um skoðunarkerfi fyrir öruggan rekstur ekjufarþegaskipa og háhraðafarþegafara í áætlunarferðum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 1999/35/EB ⁽³⁾.
- 4) Tilskipun (ESB) 2017/2110 fellir úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/35/EB ⁽⁴⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 5) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á V. kafla XIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 56b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 315, 30.11.2017, bls. 40.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 315, 30.11.2017, bls. 52.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 315, 30.11.2017, bls. 61.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 138, 1.6.1999, bls. 1.

„– **32017 L 2110**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2110 frá 15. nóvember 2017 (Stjtið. ESB L 315, 30.11.2017, bls. 61).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í annarri undirgrein 4. mgr. 24. gr. er orðunum „og Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „aðildarríkin“.

2. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 56ca (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/35/EB):

„**32017 L 2110**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2110 frá 15. nóvember 2017 um skoðunarkerfi fyrir öruggan rekstur ekjufarþegaskipa og háhraðafarþegafara í áætlunarferðum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 1999/35/EB (Stjtið. ESB L 315, 30.11.2017, bls. 61).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 5. mgr. 10. gr. er orðunum „og Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „Aðildarríkin“.

3. Eftirfarandi er bætt við lið 56e (tilskipun ráðsins 98/41/EB):

„– **32017 L 2109**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2109 frá 15. nóvember 2017 (Stjtið. ESB L 315, 30.11.2017, bls. 52).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 4. mgr. 5. gr. orðast „löggjöf Sambandsins og landslöggjöf“ sem „EES-samningnum og landslögum“ og í síðari málslið 4. mgr. 5. gr. orðast „lög Sambandsins“ sem „ákvæði EES-samningsins“, að því er varðar EFTA-ríkin.

b) Í 2. mgr. 8. gr. og 4. mgr. 10. gr. orðast „löggjöf Sambandsins og landslöggjöf“ og „lögum Sambandsins eða landslögum“ sem „EES-samningnum eða landslögum“, að því er EFTA-ríkin varðar.

c) Í a-lið 3. mgr. 9. gr. er orðunum „, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á undan orðunum „og aðildarríkin“.

4. Eftirfarandi er bætt við lið 56f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB):

„– **32017 L 2108**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2108 frá 15. nóvember 2017 (Stjtið. ESB L 315, 30.11.2017, bls. 40).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 7. undirgrein 4. mgr. 9. gr. er orðunum „, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „,og aðildarríkin“.

5. Eftirfarandi er bætt við lið 56l (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/ESB):

„, breytt með:

- **32017 L 2109**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2109 frá 15. nóvember 2017 (Stjtíð. ESB L 315, 30.11.2017, bls. 52).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana (ESB) 2017/2108, (ESB) 2017/2109 og (ESB) 2017/2110, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júlí 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem tekur tilskipun 2009/15/EB upp í EES-samninginn, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júlí 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.